

Samþykkt

fyrir girðingarfélag Torfalækjarhrepps innan Laxár.

Hreppsnefndin í Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu hefir, samkvæmt lög-
um 30. júlí 1909 um girðingar, gjört eftirfarandi

samþykkt

fyrir girðingarfélag Torfalækjarhrepps innan Laxár um girðing milli Svina-
vatns og Húnavatns.

1. gr.

Í girðingarfélaginu eru allir, sem búa innan Laxár í Torfalækjarhreppi og
jörð hafa til ábúðar nú og framvegis, og hafa engir aðrir atkvæðisrétt.

2. gr.

Til að hafa á hendi stjórn félagsins og með því allar framkvæmdir til
aðgjörðar og viðhalds á girðingunni, árlegri niðurfjöfnun á gjaldi til hennar, inn-
heimtu á því og öðru, sem að fjárhagslegu lítur, skulu kosnir 3 félagsmenn strax
og samþykktin hefir öðlast gildi, og hafa þeir starf það á hendi í 3 ár; getur eng-
inn skorast undan kosningu. Flytji einhver þeirra úr girðingarsvæðinu eða deyi,
skal kosið á aðalfundi í stað þess, sem gekk úr.

3. gr.

Aðalfund skal félagið halda í febrúarmánuði; skulu á honum kosnir stjórn-
endur þess og tekin ákvörðun um, hve mikið skuli jafnað niður árlega til af-
borgunar og vaxta af kostnaðinum við girðinguna. Skal um þá niðurfjöfnun
senda hreppsnefndinni skýrslu, og ef það reynist þá, að hún sé of lítil til greiðslu
á láni því, sem á girðingarfélaginu hvílir, hefir hreppsnefndin heimild til að hækka
gjaldið eftir því, sem þörf er á, sem og einnig, ef það eigi er greitt í tækan
tíma, að gjöra ráðstöfun til að innheimta það. Hinu árlega gjaldi skal jafnað
á jarðarhundruð og lausafjárhundruð, jafnt á hvert hundruð, en svo eru gjald-
skyldir aðrir, sem tíunda, þó ei hafi jörð til ábúðar, og reiknast ætíð minst 1
hundruð.

4. gr.

Gjalddagi á hinu niðurjafnaða gjaldi er í miðjum júní ár hvert, og skal
það þá greiðast hreppsnefndinni að svo miklu leyti sem þarf til greiðslu á skuld
félagsins, sem hreppsnefndin er í ábyrgð fyrir.

Girðingu þeirri, sem nú er í Torfalækjarhreppi innan Laxár, milli Húnavatns og Svinavatns, skal haldið forsvaranlega við, og eigi breytt nema $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykki breytinguna, enda hafi hún verið tiltekin í fundarboði, sem áður er látið ganga milli félagsmanna.

Samþykkt þessi er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 1. október 1911 og birt til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. september 1911.

Kristján Jónsson.

Jón Hermannsson.

Bráðabirgðareglur

um

starfssvið háskólaráðs og rektors.

1. gr.

Rektor háskólans er sjálfkjörinn forseti háskólaráðsins.

Fundi skal halda svo oft sem þörf er á, eða 2 menn úr háskólaráðinu eða $\frac{1}{3}$ kennara krefst þess.

Fundur er því að eins lögmætur, að meiri hluti háskólaráðsmanna sæki fundinn.

Á fundinum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, sker atkvæði forseta úr.

2. gr.

Rektor hlutast til um framkvæmd á ályktunum háskólaráðsins.

3. gr.

Rektor kemur fram af hendi háskólans út á við. Þó getur háskólaráðið gjört aðra ráðstöfun um framkomu af hendi háskólans, standi sérstaklega á.